

Ed.

339. Frumvarp til laga

[158. mál]

um greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Viðskiptabanka útgerðarmanns skal skylt að halda eftir fjárhæð, sem nemi 5% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) afla, sem landað er héraðs, en 4% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) afla, sem landað er erlendis. Skal fjárhæð þessi renna til greiðslu iðgjalda af váttryggingum fiskiskipa.

2. gr.

Viðskiptabankarnir skulu skila andvirði þessu á reikning Landssambands ísl. útvegsmanna hjá viðkomandi banka, þegar greiðsla til bankans hefur farið fram.

Landssamband ísl. útvegsmanna skal mánaðarlega skila andvirði þessu til viðkomandi váttryggingarféлага, að þeim hluta, sem þarf til greiðslu váttryggingariðgjalds hvers skips, enda liggi fyrir samkomulag milli Landssambands ísl. útvegsmanna og váttryggingarfélaganna um váttryggingar fiskiskipa, sbr. þó ákvæði laga um Bataábyrgðarfélag nr. 41/1967, með síðari breytingum, og laga nr. 47/1967, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, með síðari breytingum.

3. gr.

Við árslok skal endurgreiða skipseiganda innistæðu skipsins, er kann að verða umfram greiðslu váttryggingariðgjalda. Þó er heimilt að endurgreiða skipseiganda innistæðu skipsins fyrr, séu váttryggingariðgjöld skipsins að fullu greidd.

4. gr.

Vextir af innistæðum á bankareikningum Landssambands ísl. útvegsmanna skulu renna til greiðslu kostnaðar við innheimtu og skil iðgjaldagreiðslna skv. lögum þessum, að svo miklu leyti, sem þeir hrökkva til.

5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til aflu, sem landað er eftir 15. febrúar 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vorið 1975 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd að ósk samtaka sjómanna og útvegsmanna til þess að endurskoða lög og reglur um sjóði sjávarútvegsins, og kanna sambengi milli sjóðanna og skiptaverðs sjávarafla og þar með hlutaskiptareglna kjarasamninga.

Hinn 19. janúar 1976 skilaði nefnd þessi ítarlegri skýrslu, þar sem nefndin leggur fram tillögur að breytingum á gildandi sjóðakerfi sjávarútvegsins, fiskverði og hlutaskiptum. Meðal þeirra tillagna, er nefndin lagið til var sú, að útflutningsgjöldin yrðu lækkuð verulega, þannig að í stað gildandi ákvæða um útflutningsgjöld af sjávarafurðum, verði sett ein lög um þetta efni, þar sem útflutningsgjaldið verði einfalt gjald af hundraðshluta af f.o.b.-verði gjaldskylds útflutnings og ekki hærra en sex af hundraði. Þá lagði nefndin til, að tekjur Tryggingasjóðs fiskiskipa af útflutningsgjöldum yrðu skertar um sem næst helming frá gildandi gjaldskrá útflutningsgjalda og greiðslur iðgjaldastyrkja úr honum lækkaðar að sama skapi, þannig að eftir þessa breytingu mun Tryggingasjóður fiskiskipa fá í sinn hlut um fjórðung útflutningsgjaldanna.

Áætlað er að aflaverðmæti sjávarafurða á árinu 1976 nemi um 20 milljörðum króna, þar af muni Tryggingasjóður fiskiskipa fá í formi útflutningsgjalda nálægt 600 millj. kr., en iðgjaldagreiðslur af váttryggingum fiskiskipa munu nema um 1 700—1 800 millj. kr. á árinu 1976. Ljóst er því samkvæmt þessu, að auka þarf verulega beinan hluta útvegsmanna í iðgjaldagreiðslunum, til þess að endar nái saman. Af þeim sökum hefur Landssamband ísl. útvegsmanna óskað eftir því, að sett verði sérstök lög í þessu skyni, um fyrirkomulag á innheimtu iðgjalda af váttryggingum fiskiskipa með milligöngu viðskiptabanka sjávarútvegsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er lagt til, að viðskiptabönkum útgerðarmanna verði gert að skyldu, að halda eftir ákveðinni fjárhæð af uppgefnu heildarsöluverðmæti afla, sem landað er héraðs og erlendis. Fjárhæð þessi skal notuð til greiðslu upp í váttryggingariðgjöld fiskiskipa, til viðbótar við greiðslur Tryggingasjóðs fiskiskipa.

Um 2. gr.

Í grein þessari kemur fram, að þegar veðsetning hefur farið fram eða skil hafa borist viðskiptabönkunum vegna landana erlendis, þá skulu bankarnir gera skil á andvirði þessu til Landssambands ísl. útvegsmanna, sem síðan skilar því mánaðarlega til váttryggingarfélaganna til greiðslu váttryggingargjalda hvers skips að því marki er með þarf til greiðslu iðgjaldanna.

Viðskiptabankarnir skulu alltaf halda eftir áðurgreindum fjárhæðum, jafnvel þótt ekki hafi náðst samkomulag milli Landssambands ísl. útvegsmanna og váttryggingarfélaganna um váttryggingar fiskiskipa, að svo miklu leyti, sem Landsambandið getur samið um slíkar váttryggingar, sbr. lög um Bataábyrgðarfélag og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að við lok tryggingarársins, sem er almanaksárið, þá skuli fara fram endanlegt uppgjör vegna váttryggingariðgjaldanna. Komi í ljós, að útgerðarmaður eigi inni, þegar uppgjórið fer fram í árslok, þá skal endurgreiða honum það sem umfram er. Þá er heimild til endurgreiðslu, ef ljóst er fyrr á árinu, að váttryggingariðgjöldin eru að fullu greidd.

Um 4. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Parfnast ekki skýringa.